

Lífeyrissjóður lækna

Ársreikningur 2002

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar	2 - 4
Áritun endurskoðenda	5
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Reikningsskilaaðferðir	9 - 10
Skýringar	11 - 15
Kennitölur	16
Fjárfestingarstefna LL	17 - 18
Úttekt á ávöxtun einstakra eignasafna	19

Skýrsla stjórnar

Hlutverk Lífeyrissjóðs lækna er að veita sjóðfélögum elli- og örorkulífeyri og eftirlifandi mökum þeirra og börnum maka- og barnalífeyri. Sjóðfélagar geta orðið allir íslenskir lækna og þeir lækna erlendir sem starfa eða starfað hafa hér á landi samkvæmt kjarasamningum lækna. Sjóðurinn er samtryggingarsjóður og eru réttindi aldurstengd.

Raunávöxtun

Raunávöxtun sjóðsins hefur verið neikvæð síðustu þrjú árin, árið 2002 um -4% samkvæmt uppgjöri. Erlendar eignir sjóðsins rýnuðu mikið á árinu vegna verðlækkana á hlutabréfamörkuðum og hækkunar gengis íslensku krónunnar. Lækkun á erlendum eignum varð því 37%. Hins vegar skiluðu innlendar eignir sjóðsins í skuldabréfum 10,7% og hlutabréf 18,4% nafnávöxtun. Meðalraunávöxtun sjóðsins síðustu 5 árin er 2,4% og meðalraunávöxtun síðustu 10 ára er 5,4%.

Taflan sýnir ávöxtun sjóðsins, ávöxtun helstu verðbréfaflokka, eignasamsetningu sjóðsins og þróun helstu vísitalna.

Ávöxtun í %		
Nafnávöxtun 2002	-2,0	
Raunávöxtun 2002	-4,0	
Meðalraunávöxtun sl. 5 ár (1998-2002)	2,4	
Meðalraunávöxtun sl. 10 ár (1993-2002)	5,4	
Ávöxtun helstu verðbréfaflokka 2002 í %		
	Nafn	Raun
Skuldabréf	10,7	8,5
Innlend hlutabréf	18,4	16,1
Erlend hlutabréf	-37,0	-38,2
Eignir 31.12.2002 í %		
	Safn	Stefna
Skuldabréf	68	50
Innlend hlutabréf	14	10
Erlend hlutabréf	18	40
Þróun helstu vísitalna árið 2002 í %		
Vísitala neysluverðs	2,0	
Vísitala húsbrefta 9, 6 ár	15,4	
Heildarvísitala aðallista	21,6	
Heimsvísitala hlutabréfa (USD)	-21,1	
Gengisvísitala krónunnar	-13,5	

Stærð, fjöldi sjóðfélaga og lífeyrisþega

Heildareignir Lífeyrissjóðs lækna í árslok 2002 voru 13 milljarðar og stækkaði sjóðurinn um 178 milljónir á árinu.

Á skrá hjá sjóðnum eru 1963 lækna, sem greitt hafa iðgjald til sjóðsins. Þar af eru 1217 lækna sem greiddu iðgjald til sjóðsins á árinu 2002. Greidd iðgjöld voru 751 milljón króna og hækkuðu þau um 19%.

Lífeyrissjóðurinn greiddi 297 milljónir króna í lífeyri á árinu og hækkuðu lífeyrisgreiðslur um 22% frá fyrra ári. Lífeyrir var greiddur til 211 lífeyrisþega, 150 vegna ellilífeyris, 7 vegna barnalífeyris, 45 vegna makalífeyris og 9 vegna örorkulífeyris. Lífeyrisgreiðslur hafa vaxið mikið undanfarin ár og má sem dæmi nefna að þær hafa ellefufaldast á síðustu 10 árum.

Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður Lífeyrissjóðs lækna voru samtals 19 milljónir árið 2002. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum var aðeins 0,10%.

Skýrsla stjórnar frh.

Fjárfestingar

Á árinu 2002 keypti Lífeyrissjóður lækna verðbréf fyrir 1.700 milljónir króna sem sundurliðast þannig:

Verðbréf	milljónir króna
Innlend hlutdeildarskírteini	592
Erlend hlutdeildarskírteini	563
Innlend hlutabréf	77
Lán til sjóðfélaga	389
Önnur skuldabréf	79

Lán til sjóðfélaga

Á árinu 2002 var mikil eftirspurn eftir lánnum til sjóðfélaga þrátt fyrir nokkurn samdrátt frá árinu áður. Samtals voru veitt lán fyrir alls 389 milljónir (132 lán, meðallán 2,9 milljónir) en árið 2001 var fjárhæðin 395 milljónir (144 lán, meðallán 2,7 milljónir).

Sjóðfélagar eiga rétt á lánnum ef þeir greiða iðgjöld til sjóðsins og hafa greitt í sjóðinn a.m.k. 200.000 kr. í iðgjöld. Lánsfjárhæð er allt að 5 milljónir króna að frádregnum eftirstöðvum eldri lána. Lánstími er 25 ár eða styttri tími að vali sjóðfélaga. Lánin eru verðtryggð og bera fasta vexti 5,5%. Fasteignaveð þarf að vera til tryggingar lánnum og má veðsetning ekki fara yfir 60% af metnu markaðsverði íbúðarhúsnæðis eða 35% af metnu markaðsverði atvinnuhúsnæðis. Veðsetning má aldrei fara yfir 85% af brunabótamati.

Tryggingafræðileg staða

Á sjóðfélagafundi Lífeyrissjóðs lækna, sem var haldinn 30. janúar 2003, var samþykkt að lækka áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga um 9% frá og með 1. febrúar 2003. Tillaga um lækkun réttinda var lögð fram af stjórn sjóðsins vegna slæmrar tryggingafræðilegrar stöðu lífeyrissjóðsins eftir þrjú óhagstæð ár vegna verðlækkunar á verðbréfum, sérstaklega á erlendum hlutabréfum. Þetta er í fyrsta sinn í sögu sjóðsins sem réttindi eru skert. Hins vegar voru þau þrisvar aukin frá 1997 um alls rúmlega 60%, síðast um 45% árið 2000. Taflan sýnir tryggingafræðilega stöðu Lífeyrissjóðs lækna eftir þessar breytingar en eins og sjá má var 9% lækkun réttinda lágmarksleiðrétting.

Eignir	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Hrein eign til greiðslu lífeyris	13.010		13.010
Fjárfestingargjöld	-167		-167
Endurmat	1.622		1.622
Núvirði framtíðariðgjalda		9.786	9.786
Eignir samtals	14.465	9.786	24.251
Skuldbindingar			
Eftirlaunalífeyrir	11.642	6.511	18.153
Örorkulífeyrir	768	648	1.416
Makalífeyrir	3.446	1.815	5.261
Barnalífeyrir	10	102	112
Kostnaður	155	184	340
Skuldbindingar samtals	16.021	9.261	25.283
Eignir umfram skuldbindingar	-1.556	525	-1.032
Eignir sem % af skuldbind.	-9,7%	5,7%	-4,1%

Skýrsla stjórnar frh.

Á ársfundi sjóðsins 2002 var samþykktum breytt þannig að stjórn sjóðsins þarf að gera viðeigandi ráðstafanir ef áunnin staða viku meira en 10% frá áföllnum skuldbindingum. Miðað við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins eftir lækun gæti komið til skerðingar að nýju ef ávöxtun sjóðsins verður slök árið 2003.

llaekna.is

Í llaekna.is geta lækna fundið allar helstu upplýsingar og almennar upplýsingar um lífeyrismál. Þar geta sjóðfélagar m.a. séð nýjustu fréttir og tilkynningar frá sjóðnum og skoðað yfirlit með upplýsingum um innborganir og áunnin lífeyrisréttindum. Á heimasíðu sjóðsins er jafnframt reiknivél en í henni geta sjóðfélagar reiknað dæmi um inneign í séreignarsjóði og lífeyrisgreiðslur í starfslok.

Fjárfestingarstefna LL

Í desember var fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs lækna endurskoðuð í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um form og efni fjárfestingarstefna lífeyrissjóða. Úrdráttur úr fjárfestingarstefnu sjóðsins er fylgiskjal ársreikningsins, sjá bls. 17. Nokkuð vantar upp á að eignir sjóðsins séu í samræmi við fjárfestingarstefnuna og er stefnt að því að ná markmiði um eignasamsetningu í árslok 2010. Stefnan er að þessu markmiði með ráðstöfun á nýju fé.

Stjórn Lífeyrissjóðs lækna og framkvæmdastjóri staðfesta ársreikning lífeyrissjóðsins fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Reykjavík, 13. mars 2003.

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Lífeyrissjóðs lækna

Við höfum endurskoðað ársreikning Lífeyrissjóðs lækna fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning 31. desember 2002, sjóðstreymi, yfirlit um reikningsskilaaðferðir, skýringar nr. 1 - 7 og kennitölur. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum lífeyrissjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2002, efnahag hans 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002, í samræmi við lög, samþykktir lífeyrissjóðsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 13. mars 2003

PricewaterhouseCoopers ehf

Valdimar Guðnason

Jón Arnar Baldurs

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2002

	Skýringar	2002	2001
Iðgjöld			
Sjóðfélagar		315.926	299.469
Launagreiðendur		434.885	331.258
Réttindaflutningur og endurgreiðslur		167	(347)
		<u>750.978</u>	<u>630.380</u>
Lífeyrir			
Lífeyrir	1	296.791	243.689
		<u>296.791</u>	<u>243.689</u>
Fjárfestingartekjur			
Tekjur af eignarhlutum	2	(224.840)	(364.474)
Vaxtatekjur og gengismunur		(31.693)	1.085.830
Breytingar á niðurfærslu		0	0
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga		0	(1.014.059)
		<u>(256.533)</u>	<u>(292.702)</u>
Fjárfestingargjöld			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		6.567	6.881
Rekstrarkostnaður			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	4	12.786	12.143
Hækkun (lækkun) á hreinni eign fyrir matsbreytingar		178.302	74.966
Matsbreytingar			
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga		0	1.014.059
		<u>0</u>	<u>1.014.059</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu		178.302	1.089.025
Hrein eign frá fyrra ári		12.831.499	11.742.474
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris		<u>13.009.801</u>	<u>12.831.499</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2002

Eignir	Skýringar	2002	2001
Fjárfestingar	3		
Verðbréf með breytilegum tekjum		8.466.098	8.315.990
Verðbréf með föstum tekjum		2.097.670	2.294.583
Veðlán		2.347.097	2.121.051
Aðrar fjárfestingar		1.336	9.416
		<u>12.912.200</u>	<u>12.741.040</u>
Kröfur			
Kröfur á launagreiðendur		37.321	42.147
Aðrar kröfur		4.743	7.448
		<u>42.064</u>	<u>49.595</u>
Aðrar eignir			
Bankainnistæður		75.239	46.109
Eignir samtals		<u>13.029.504</u>	<u>12.836.743</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir		19.703	5.245
Samtals hrein eign til greiðslu lífeyris		<u>13.009.801</u>	<u>12.831.499</u>
Aðrar upplýsingar	5		

Sjóðstreymi 1/1 - 31/12 2002

	Skýringar	2002	2001
Inngreiðslur			
Iðgjöld		755.804	624.656
Fjárfestingartekjur		405.058	418.769
Afborganir verðbréfa		430.981	415.754
Seld verðbréf með breytilegum tekjum		426.468	901.490
Seldar aðrar fjárfestingar		9.500	0
Aðrar inngreiðslur		17.162	3.932
		<u>2.044.973</u>	<u>2.364.601</u>
Útgreiðslur			
Lífeyrir		296.791	243.689
Fjárfestingargjöld		6.567	5.676
Rekstrarkostnaður		12.786	11.963
Lækkun á skuldum		0	5.563
		<u>316.143</u>	<u>266.890</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu		<u>1.728.830</u>	<u>2.097.712</u>
Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum		1.232.075	1.478.207
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum		78.925	184.490
Ný veðlán og önnur útlán		388.700	395.323
		<u>1.699.700</u>	<u>2.058.020</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		29.130	31.827
Handbært fé í byrjun tímabils		46.109	14.282
Handbært fé í árslok		<u>75.239</u>	<u>46.109</u>

Reikningsskilaaðferðir

Framsetning ársreiknings

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Matsaðferðir

Við samningu reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði sem tengjast ársreikningnum. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg niðurstaða t.d. við innlausn eða sölu þeirra liða, sem tengjast matinu, getur hins vegar orðið önnur en niðurstaða samkvæmt matsaðferðunum.

Fjárfestingar eru færðar niður vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða en myndaður er mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum er kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og gagnvart kröfunum í heild.

Við mat á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum er leitast við að meta virði einstakra krafna í vanskilum út frá fyrirliggjandi upplýsingum um viðkomandi kröfur. Við niðurfærslu krafna í heild eru kröfur hins vegar færðar niður um tiltekna prósentu.

Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Í samræmi við breytingar á reglum um ársreikninga lífeyrissjóða, eru ekki lengur færð í reikningsskilin reiknuð áhrif verðlagsbreytinga á efnahagsreikning og yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris. Í breytingunni felst að reiknuð áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir, eru ekki lengur færð í yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris.

Samanburðarfjárhæðum í yfirliti um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris hefur ekki verið breytt, en ofangreind breyting hefur engin áhrif á hreina eign í árslok til greiðslu lífeyris.

Verðbréfaeign

Eignir í erlendum gjaldmiðlum eru eignfærðar á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir eru bókfærðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2003. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna eru færðar í rekstrarreikning.

Skuldabréf eru eignfærð í árslok miðað við virka vexti og ávöxtunarkröfu þegar kaupin fóru fram, að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild.

Eignarhlutir í félögum sem skráð eru á aðallista og vaxtarlista Kauphallar Íslands eru eignfærðir á markaðsverði. Eignarhlutur í félögum á opna tilboðsmarkaðnum eru metnir á síðasta þekkta markaðsverði. Eignarhlutar í óskráðum félögum er eignfærðir á framreiknuðu kaupverði eða síðasta þekkta markaðsverði hvort sem lægra er. Hlutdeildarskírteini eru eignfærð á skráðu markaðsgengi í árslok.

Reikningsskilaaðferðir

Aðrar fjárfestingar

Aðrar fjárfestingar eru fullnustueignir, sem metnar eru á kostnaðarverði eða markaðsverði hvort sem lægra er og eignarhlutur í Eignarhaldsfélagi lífeyrissjóða um verðbréfaskráningu ehf. sem metinn er á framreiknuðu kostnaðarverði.

Iðgjaldakröfur

Óinnheimt iðgjöld í árslok nema kr. 37.321 þús. samkvæmt efnahagsreikningi og er þá miðað við raunverulega innheimtu iðgjalda á tímabilinu 1. janúar - 21. janúar 2003 og áætlaða innheimtu eftir það vegna ársins 2002.

Skýringar

1. Lífeyrir

Greiddur lífeyrir greinist þannig

	2002	2001
Ellilífeyrir	235.594	192.005
Örorkulífeyrir	21.756	20.947
Makalífeyrir	37.248	29.672
Barnalífeyrir	2.193	1.064
	<u>296.791</u>	<u>243.689</u>

2. Fjárfestingartekjur

Tekjur (gjöld) af eignarhlutum sundurliðast þannig

Af innlendum hlutabréfum	115.034	(91.788)
Af erlendum hlutabréfum	(339.874)	(272.685)
	<u>(224.840)</u>	<u>(364.474)</u>

Vaxtatekjur og gengismunur sundurliðast þannig

Hlutdeildarskírteini	(379.955)	445.694
Verðbréf með föstum tekjum og veðlán	358.436	624.845
Bankainnistæður	(19.797)	10.102
Dráttarvextir	7.162	5.129
Aðrar fjárfestingartekjur	2.461	60
	<u>(31.693)</u>	<u>1.085.830</u>

Breytingar á niðurfærslu

Niðurfærsla verðbréfa og annarra eigna 1/1	63.505	63.505
Niðurfærsla verðbréfa og annarra eigna 31/12	(63.505)	(63.505)
	<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar

3. Fjárfestingar

			2002	2001
Verðbréf með breytilegum tekjum	Nafn- verð	Eignar- hlutdeild	Bókfært verð	Bókfært verð
Hlutabréf skráð á aðallista Kauphallar Íslands				
Eimskipafélag Íslands hf.	30.557	0,6%	192.508	155.840
Grandi hf.	16.882	1,1%	99.601	84.408
Haraldur Böðvarsson hf.	0	0,0%	0	6.157
Íslenski hugbúnaðarsjóðurinn hf.	2.665	0,2%	3.651	0
Íslandsbanki hf.	101.568	1,0%	481.432	373.101
Jarðboranir hf.	11.110	4,3%	79.437	79.992
Nýherji hf.	5.400	2,1%	44.820	27.000
Opin kerfi hf.	119	0,1%	2.381	1.822
Samherji hf.	1.430	0,1%	14.305	25.686
Síldarvinnslan hf.	594	0,1%	3.119	2.377
Sjóvá-Almennar hf.	700	0,1%	18.550	18.900
Kögun hf.	549	0,6%	15.427	8.510
Húsasmiðjan hf.	0	0,0%	0	7.072
	<u>171.574</u>		<u>955.230</u>	<u>790.863</u>
Hlutabréf skráð á vaxtarlista Verðbréfaþings Íslands				
Héðinn hf.	0	0,0%	0	3.000
Líftækni sjóðurinn MP-Bio hf.	25.000	1,8%	7.750	9.250
Sláturfélag Suðurlands svf. B. deildarbréf ...	13.000	6,5%	18.850	16.250
Talenta-Hátækni	0	0,0%	0	3.250
	<u>38.000</u>		<u>26.600</u>	<u>31.750</u>
Óskráð félög				
Kaupás hf.	3.000	0,4%	14.550	14.550
Myllan brauð hf.	0	0,0%	0	20.000
Loðnuvinnslan hf.	346	0,1%	207	450
Plastos umbúðir hf.	1.000	0,6%	1.000	1.450
Tölvusamskipti hf.	0	0,0%	0	796
	<u>4.346</u>		<u>15.757</u>	<u>37.246</u>
Innlend hlutabréfaeign samtals	<u>213.920</u>		<u>997.588</u>	<u>859.859</u>
Erlend hlutabréf óskráð				
Allied Resource Corp.			47.645	47.645
Icelandic Venture S.A. (Uppspretta)			14.340	20.549
OZ.COM			1.240	3.077
Puralube Inc.			14.545	16.621
Scandinavian Pizza Comp.			984	1.061
BioStradum Inc.			9.750	3.186
			<u>88.504</u>	<u>92.139</u>
Erlend hlutabréf skráð				
Morgan Stanley fjárvarsla			407.178	742.153
DeCode Genetics Inc.			201	1.365
			<u>407.379</u>	<u>743.519</u>

Skýringar

	2002	2001
	Bókfært verð	Bókfært verð
Erlend hlutdeildarskírteini		
ISB Global Equity	72.520	0
Schudder, sérgreint eignasafn	63.132	535.080
Scudder, Str. Global Themes Fund	273.734	425.909
Vanguard, S&P 500 Stock Index Fund	359.288	460.946
Vanguard, European Stock Index	232.577	122.048
Vanguard, Global Stock Index Fund	636.201	744.177
	<u>1.637.452</u>	<u>2.288.159</u>
Innlend hlutdeildarskírteini		
Sjóður 1	428.482	308.386
Sjóður 6	750.290	613.269
Sjóður 7	2.835.613	2.358.190
Sjóður 9	52.402	11.539
Sjóður 11	1.073.026	796.969
Sjóður 19 Fjármál	42.286	40.347
Sjóður 20 Heilsuvernd	46.530	50.040
Sjóður 21 Lífstíll	44.053	42.657
Sjóður 22 Tækni	37.457	51.092
	<u>5.310.141</u>	<u>4.272.489</u>
Erlend skuldabréf		
Erlend skuldabréf	25.034	59.825
Verðbréf með breytilegum tekjum samtals	<u>8.466.098</u>	<u>8.315.990</u>
Verðbréf með föstum tekjum		
Skuldabréf með ríkisábyrgð		
Spariskírteini	6.631	6.415
Húsnæðisbréf	464.728	572.030
Önnur skuldabréf með ríkisábyrgð	164.548	172.763
	<u>635.906</u>	<u>751.208</u>
Önnur bréf		
Bankabréf	636.030	627.297
Skuldabréf sveitarfélaga	332.738	371.289
Eignarleigufyrirtæki	19.988	54.624
Fjárfestingalánasjóðir	59.463	56.874
Fyrirtækjabréf	372.648	433.291
Erlend skuldabréf	40.896	0
	<u>1.461.764</u>	<u>1.543.375</u>
Verðbréf með föstum tekjum samtals	<u>2.097.670</u>	<u>2.294.583</u>

Skýringar

Veðlán

Sjóðfélagalán	1.520.270	1.265.258
Önnur veðlán	826.827	855.793
	<u>2.347.097</u>	<u>2.121.051</u>

Aðrar fjárfestingar

Fullnustueignir	376	8.456
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóðanna um verðbréfaskráningu	960	960
	<u>1.336</u>	<u>9.416</u>

2002

2001

Fjárfestingar greinast þannig eftir gjaldmiðlum

Fjárfestingar í íslenskum krónum	10.542.608	9.595.069
Fjárfestingar í USD	2.317.712	3.126.733
Fjárfestingar í DKK	984	9.238
Fjárfestingar í GBP	9.138	0
Fjárfestingar í SEK	10.000	10.000
Fjárfestingar í EUR	31.758	0
	<u>12.912.200</u>	<u>12.741.040</u>

4. Rekstrarkostnaður

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	1.760	1.704
Launatengd gjöld	205	180
	<u>1.965</u>	<u>1.884</u>

Sjóðurinn hafði enga starfsmenn á árinu. Heildarlaun og þóknunir til stjórnar námu 1.965 þús. króna. Þóknun til Íslandsbanka hf. vegna umsjónar nam 10.237 þús. króna.

5. Framvirkir samningar

Gerðir hafa verið framvirkir gjaldmiðlasamningar til að draga úr gengisáættu sjóðsins á erlendri verðbréfaeign. Í árslok nam heildar umfang eignarhliðar samninganna 42.183 þús. króna og skuldahliðar 40.874 þús. króna. Áhrifin samninganna eru færð í ársreikninginn.

6. Skuldbindandi samningar

Sjóðurinn hefur gert samning um kaup á hlutabréfum í Íslandsbanka hf að nafnverði 32,4 millj. króna. Heildarskuldbinding sjóðsins vegna samnings er 172,2 millj. króna og kemur til greiðlu á fyrrihluta ársins 2003. Áhrif samningsins eru færð í ársreikninginn.

Skýringar

7. Tryggingafræðileg úttekt

Í febrúar 2003 var framkvæmd tryggingafræðileg athugun sem miðaðist við árslok 2002. Helstu niðurstöður úttektarinnar, miðað við að 3,5% ávöxtun náist á eignir sjóðsins umfram hækkun vísitölu neysluverðs næstu áratugina, voru þær að skuldbindingar sjóðsins næmu 2.596,1 milljónum umfram höfuðstól sjóðsins og verðmæti framtíðariðgjalda miðað við árslok 2002.

Sundurliðun tryggingafræðilegrar athugunar í milljónum króna:

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir			
Hrein eign til greiðslu lífeyris	13.009,8		13.009,8
Endurmat	1.621,6		1.621,6
Lækkun v/núvirði fjárfestingakostnaðar	(166,6)		(166,6)
Núvirði framtíðariðgjalda		9.786,0	9.786,0
Eignir samtals	<u>14.464,8</u>	<u>9.786,0</u>	<u>24.250,8</u>
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir	12.791,2	6.511,1	19.302,2
Örorkulífeyrir	843,9	648,2	1.492,1
Makalífeyrir	3.786,3	1.814,5	5.600,8
Barnalífeyrir	9,9	102,3	112,2
Rekstrarkostnaður	163,1	176,5	339,6
Skuldbindingar samtals	<u>17.594,4</u>	<u>9.252,6</u>	<u>26.846,9</u>
Eignir umfram skuldbindingar	<u>(3.129,6)</u>	<u>533,4</u>	<u>(2.596,1)</u>
Eignir í hlutfalli af skuldbindingum	<u>-17,8%</u>	<u>5,8%</u>	<u>-9,7%</u>

Kennitölur

	2002	2001	2000	1999	1998
Raunávöxtun	-3,9%	-2,4%	-4,2%	16,5%	8,1%
Hrein raunávöxtun	-4,0%	-2,5%	-4,2%	16,3%	8,0%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal)	2,4%	4,9%	7,8%	10,4%	8,6%
Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga:					
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	64,8%	64,3%	64,5%	63,9%	28,9%
Skráð verðbréf með föstum tekjum	11,3%	18,0%	17,9%	19,2%	47,7%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum	0,8%	1,0%	1,4%	1,1%	2,0%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	4,9%	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%
Veðlán	18,2%	16,6%	16,1%	15,5%	19,5%
Annað	0,0%	0,1%	0,1%	0,2%	1,8%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Skipting verðbréfaeignar eftir gjaldmiðlum:					
Eignir í íslenskum krónum	81,6%	75,3%	72,5%	72,9%	81,3%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	18,4%	24,7%	27,5%	27,1%	18,7%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Fjöldi sjóðfélaga	1.217	1.204	1.159	1.095	1.052
Fjöldi lífeyrisþega	211	207	180	140	115
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir	79,4%	78,8%	74,6%	74,9%	62,9%
Örorkulífeyrir	7,3%	8,6%	11,8%	6,7%	14,1%
Makalífeyrir	12,6%	12,2%	13,3%	17,8%	22,0%
Barnalífeyrir	0,7%	0,4%	0,4%	0,7%	1,0%
Samtals	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	-17,8%	-11,0%	-1,9%	8,3%	7,0%
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	-9,7%	-4,8%	-6,7%	47,8%	43,0%
Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum	1,7%	1,9%	2,6%	3,1%	1,8%
Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,1%	0,1%	0,1%	0,2%	0,1%
Lífeyrir í % af iðgjöldum	39,5%	38,7%	29,8%	18,3%	12,0%
Stöðugildi á árinu	0	0	0	0	1,5

Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs lækna árið 2003

í samræmi við reglur FME um form og efni fjárfestingarstefna lífeyrissjóða

Markmið Lífeyrissjóðs lækna, LL, er að ávaxta fé sjóðfélaga á hagkvæman hátt og tryggja þeim bestu ávöxtun miðað við áhættu (skilgreind með flökti ársávöxtunar).

Sjóðstjóri skal ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Eignasamsetning LL skal vera í samræmi við heimildir í VII. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Fjárfestingarstefna	Markmið um eignasamsetn.	Vikmörk %	Núverandi eignasamsetning	Hámark skv. samþ.	Gengisbundin verðbréf	Vikmörk %	Óskráð verðbréf	Vikmörk %
Skuldabréf	50,0%	+25/-0						
Innlán, laust fé		+5	0,8%		0,0%	+10		
Skuldabr. m. áb. ríkisins	20,0%	+15/-10	32,8%		0,0%	+10	0,0%	+10
Skuldabr. bæjar - og sveitarf.	3,0%	+5/-3	2,6%	50,0%	0,0%	+10	0,0%	+10
Skuldabr. fjármálastofnana	7,5%	+5/-5	7,5%	50,0%	0,0%	+10	0,0%	+10
Fasteignaveðtryggð skuldabr.	12,0%	+10/-10	18,3%		0,0%	+10		
Önnur verðbréf	7,5%	+5/-5	5,3%	50,0%	0,0%	+10	0,0%	+10
Hlutabréf	50,0%	+0/-25						
Innlend hlutabréf	10,0%	+5/-5	12,9%	50,0%			0,0%	+10
Erlend hlutabréf	40,0%	+5/-25	19,8%	50,0%	40,0%	+5/-25	0,0%	+10
Samtals	100,0%		100,0%		40,0%			
Hámark samkv. samþykktum					50,0%		10,0%	

Taflan sýnir fjárfestingarstefnu LL og er hún sett fram í töflu samkvæmt uppsetningu í reglum FME um form og efni fjárfestingarstefna lífeyrissjóða.

Í töflunni eru eftirfarandi upplýsingar:

Markmið um eignasamsetningu / vikmörk.

Fyrsti dálkurinn sýnir markmið um eignasamsetningu og annar dálkurinn leyfileg frávik frá henni. Sjóðstjóri hefur heimild til að víkja frá fjárfestingarstefnu þannig að eign sjóðsins í tilgreindum verðbréfaflokki sé á leyfðu bili kringum stefnuna.

Núverandi eignasamsetning.

Eignasamsetning LL 31.10.2002.

Hámark skv. samþykktum.

Hámarksfjárfesting samkvæmt takmörkunum í lögum um lífeyrissjóði.

Gengisbundin verðbréf / vikmörk.

Dálkurinn sýnir stefnu sjóðsins um fjárfestingar í erlendum verðbréfum. LL stefnir ekki að því að fjárfesta í erlendum skuldabréfum en samkvæmt vikmörkum hefur sjóðstjóri heimild til að fjárfesta allt að 10% í erlendum skuldabréfum. LL stefnir að því að fjárfesta 40% af eignum í erlendum hlutabréfum.

Óskráð verðbréf / vikmörk.

Sjóðurinn stefnir ekki að því að fjárfesta neitt í óskráðum verðbréfum en hefur þó heimild til að fjárfesta allt að 10% í óskráðum verðbréfum ef þau teljast hagstæð fyrir sjóðinn.

Önnur atriði úr fjárfestingarstefnu LL.

1. Nokkur munur er á markmiði um eignasamsetningu og núverandi eignasamsetningu. Stefnt er að því að eignasamsetning verði í samræmi við fjárfestingarstefnuna í árslok 2010. Þessu markmiði verði náð með ráðstöfun iðgjalda og afborgana skuldabréfa.
2. Viðmiðunarvísitala er notuð til viðmiðunar þegar árangur við ávöxtun er metinn. Markmið LL er að gera a.m.k. jafnvel og vísitölurnar og vinna þannig upp kostnaðinn við rekstur sjóðsins. Viðmiðunarvísitala LL er samsett úr eftirtöldum verðbréfavísitölum:

Ríkisskuldabréfavísitala VÍ (meðaltími 4,3 ár)	38%
Húsbréfavísitala VÍ (meðaltími 9,6 ár)	12%
Vísitala aðallista	10%
MSCI heimsvísitala hlutabréfa	40%
Meðaltími skuldabréfa 5,6 ár	

3. Virk stýring hlutabréfa. Gert er ráð fyrir að a.m.k. 50-70% hlutabréfa séu valin með hlutlausri stýringu en 30-50% valin með virkri stýringu.

Ef hlutabréf eru valin með hlutlausri stýringu er leitast við að fjárfesta í fyrirtækjum í sömu hlutföllum og þau vega á markaðnum og er stefnt að því að ávöxtun sé sú sama og viðmiðunarvísitala. Sjóður með virka stýringu reynir að gera betur en vísitala með því að veðja á að ákveðin fyrirtæki hækki meira en önnur og því eru þau valin inn í sjóðinn.

4. Veðhlutföll fasteignatryggðra skuldabréfa skulu að hámarki vera 65% af metnu markaðsverði fasteignar. Á lánum til sjóðfélaga er hámarkið 60% af metnu markaðsverði íbúðarhúsnæðis en þó aldrei hærra en 85% af brunabótamati. Ef um er ræða sérhæft atvinnuhúsnæði er hámarkið 35% af metnu markaðsverði.
5. Samanlögð eign LL í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, fasteignatryggðum skuldabréfum, skuldabréfum banka og sparisjóða, innlánnum í bönkum og sparisjóðum, hlutabréfum fyrirtækja, hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og öðrum verðbréfum útgefnum af sama aðila eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni skal ekki vera meiri en 10% af hreinni eign sjóðsins. Þessi takmörkun fyrir „önnur verðbréf“ er 5%.
6. Hámarkshlutdeild í hlutafé einstakra fyrirtækja er 15% og hámarkshlutdeild í hlutdeildarskírteinum útgefnum af sömu deild verðbréfasjóðs er 25%.
7. Markmið um gjaldmiðlasamsetningu verðbréfasafnsins er að 40% verði í erlendri mynt og 60% í íslenskum krónum.
8. Við mótnun fjárfestingarstefnu LL var gerð spá um ávöxtun helstu verðbréfaflokka næstu fimm ár. Til þess að meta áhættu voru notaðar upplýsingar um flökt ávöxtunar og samfylgni verðbréfa á árunum 1993 til 2002. Út frá þessu er áætlað að meðalnafnávöxtun geti verið 9,2% á ári og árlegt flökt ávöxtunar 8,4%. Ávöxtun verðbréfa sveiflast og er háð mörgum þáttum og því verður að taka þessum tölum með fyrirvara.

Staðfest af stjórn LL 29. nóvember 2002.

Úttekt á ávöxtun einstakra eignasafna

Úttekt á ávöxtun einstakra eignasafna samkvæmt reglugerð nr. 966/2001 um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og úttektar á ávöxtun.

Úttekt á raunávöxtun Lífeyrissjóðs lækna árið 2002.

Eignaflokkur	Raunáv.	Markmið/ viðmið
Innlán í bönkum og sparisjóðum	6,6%	
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	9,2%	9,5%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	6,3%	
Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	7,4%	
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	5,6%	
Önnur verðbréf	6,5%	
Innlend hlutabréf	16,1%	19,2%
Gengisbundin verðbréf/erlend hlutabréf	-38,2%	-39,4%

Samkv. 6. grein skal þessi tafla fylgja með ársreikningi lífeyrissjóðs.

Við ávöxtunarútreikningana var ávöxtun verðbréfasjóða ÍSB brotin niður á eignaflokka og var meðalvægi Lífeyrissjóðs lækna, þ.e. meðaltal af vægi í ársbyrjun og árslok, í viðkomandi sjóði notað til að nálgast „réttar“ ávöxtunartölur fyrir hvern eignaflokk fyrir sig.

Verðbréfasjóðir ÍSB eru gerðir upp m.v. markaðskröfu. Við útreikning á ávöxtun eru reiknaðir út afkastavextir (IRR, internal rate of return) fyrir viðeigandi verðbréf, verðbréfaflokk eða verðbréfasafn hverju sinni. Útreikningarnir taka tillit til allra hreyfinga innan hvers verðbréfaflokks eða verðbréfasafns.

Við ávöxtunarútreikning á þeim skuldabréfum sem sjóðurinn á beint var reiknað með kaupávöxtunarkröfu.